



Bæjarstjórn Garðabæjar 8. (960)/2025

Boðað er til 8. (960). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 5. júní 2025 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2506041 - Kosning forseta bæjarstjórnar og 1. og 2. varaforseta til eins árs
2. 2506042 - Kosning 5 fulltrúa i bæjarráð til eins árs
3. 2506043 - Kosning fulltrúa í fastanefndir
4. 2505027F - Fundargerð bæjarráðs frá 20/5 '25.
5. 2505035F - Fundargerð bæjarráðs frá 27/5 '25.
2412089 - Lántaka Sorpu bs. vegna Lambhagavegar.
2411259 - Endurnýjun samnings við Skógræktarfélag Reykjavíkur.
6. 2505044F - Fundargerð bæjarráðs frá 3/6 '25.
2410186 - Skuldabréfaútboð Garðabæjar
2410080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Hnoðraholt - Háholt - Aðalskipulagsbreyting
2410298 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Lækjarfit, Langafit - breyting lóða
2505520 - Gervigreindarstefna Garðabæjar
7. 2504020F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 10/4 '25
8. 2505024F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 14/5 '25.
9. 2505039F - Fundargerð leikskólanefndar frá 27/5 '25.
10. 2504014F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 8/4 '25.
11. 2505029F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 26/5 '25.
12. 2505017F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 14/5 '25.
13. 2504035F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 29/4 '25.



14. 2505023F - Fundargerð velferðarráðs frá 23/5 '25.
15. 2501538 - Fundargerð heilbrigðiseftirlits frá 26/5 '25.
16. 2501149 - Fundargerð stjórnar SSH frá 19/5 '25.
17. 2502221 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 9/5 '25.
18. 2504457 - Fundargerð eigendafundar Strætó bs. frá 14/5 '25.
19. 2501492 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 16/5 '25.
20. 2502040 - Fundargerð samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 21/5 '25.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar

7. (959). fundur 2025

Fimmtudaginn 15. maí 2025 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fenger bæjarfulltrúi, Harpa Rós Gísladóttir varabæjarfulltrúi, Margrét Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason 1. varaforseti, Guðfinnur Sigurvinsson bæjarfulltrúi, Harpa Þorsteinsdóttir varabæjarfulltrúi, Ingvar Arnarson 2. varaforseti, Brynja Dan Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi og Rakel Steinberg Sölvadóttir varabæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins. Margrét Bjarnadóttir, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði. Fundargerð bæjarstjórnar frá 3. apríl 2025 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2504002F - Fundargerð bæjarráðs frá 8/4 '25.

Fundargerðin sem er 11.tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2504024F - Fundargerð bæjarráðs frá 15/4 '25.

Rakel Steinberg Sölvadóttir ræddi 8.tl. vegg, girðingar og smáhýsi - minnisblað umhverfissviðs.

Ingvar Arnarson ræddi 9.tl. ósk um lóð fyrir hjúkrunarheimili í Garðabæ.

Almar Guðmundsson ræddi 8.tl. vegg, girðingar og smáhýsi - minnisblað umhverfissviðs og 9.tl. ósk um lóð fyrir hjúkrunarheimili í Garðabæ.

Rakel Steinberg Sölvadóttir tók til máls að nýju og ræddi 8.tl. vegg, girðingar og smáhýsi - minnisblað umhverfissviðs.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 1.tl. tillögur að breytingum á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Almar Guðmundsson tók til máls að nýju og ræddi 9.tl. vegg, girðingar og smáhýsi - minnisblað umhverfissviðs og 1.tl. tillögur að breytingum á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Margrét Bjarnadóttir ræddi 10.tl. stöðu innritunar í leikskólum Garðabæjar og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ lýsa ánægju sinni með góða stöðu innritunarmála í leikskólum bæjarins. Innritun fyrir skólaárið 2025-2026 fór fram dagana 2.-3. apríl og gekk afar vel. Alls voru 235 börn innrituð í leikskóla og 200 flutningsbeiðnir afgreiddar. Sérstaklega gleðilegt er að öllum börnum, fæddum í júlí 2024 eða fyrr, var boðin leikskólavist, þar með talið börnum allt niður í átta mánaða aldur. Þá tókst í flestum tilvikum að verða við fyrsta vali foreldra og tryggja systkinum leikskólapláss í sama leikskóla. Þetta endurspeglar sveigjanlega og fjölskylduvæna þjónustu í leikskólamálum Garðabæjar. Næsta

innritunarlota fer fram í maí og gert er ráð fyrir að þá fái börn, fædd í ágúst og september 2024, leikskólapláss. Við, bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins munum áfram leita leiða til að mæta þörfum íbúa í sívaxandi sveitarfélagi og tryggja öfluga leikskólajónustu. Að lokum viljum við færa starfsfólki leikskóla og öllum þeim sem komu að framkvæmd innritunarmála innilegar þakkir fyrir faglegt og mikilvægt starf."

Fundargerðin sem er 15. tl. er samþykkt samhljóða.

3. 2504027F - Fundargerð bæjarráðs frá 29/4 '25.

Ingvar Arnarson ræddi 5.tl. lausar kennslustofur - verðkönnun.

Almar Guðmundsson ræddi 5.tl. lausar kennslustofur - verðkönnun.

Fundargerðin sem er 13.tl. er samþykkt samhljóða.

4. 2504041F - Fundargerð bæjarráðs frá 6/5 '25.

Almar Guðmundsson ræddi 1.tl. skýrslur Veðurstofu Íslands um jarðskjálfta- og náttúruvá á höfuðborgarsvæðinu - kynningu.

Fundargerðin sem er 17.tl. er samþykkt samhljóða.

2411159 - Afgreiðsla skipulagsnefndar. Hleinar að Langeyrarmölum - Umsókn um deiliskipulagsbreytingu.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 30. apríl 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Hleina að Langeyrarmölum sem nær til lóðar dvalarheimilisins Hrafnistu Hraunvangur 7 að lokinni auglýsingu. Breytingin nær aðallega til svæðis innan lögsögu Hafnarfjarðar. Lagðar fram umsagnir sem borist hafa ásamt tillögu Hafnarfjarðar að svörum við þeim. Skipulagsnefnd Garðabæjar samþykkti framlögð svör við umsögnum fyrir sitt leyti. Skipulagsnefnd Garðabæjar samþykkti deiliskipulagsbreytinguna í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

2504130 - Afgreiðsla skipulagsnefndar. Vetrarmýri, dsk breyting, golfskálasvæði.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 30. apríl 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar sem gerir ráð fyrir því að afmörkun deiliskipulagssvæðis breytist þannig að sá hluti svæðisins sem er inni á golfvallarsvæði er felldur út eða það svæði sem deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalaholts nær til og er nú í auglýsingu. Skipulagsnefnd mat tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynning var felld niður þar sem að tillagan er í samræmi við tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Hnoðraholts. Tillagan skal hljóta staðfestingu um leið og tillaga að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts.

2504060 - Afgreiðsla skipulagsnefndar. Smalaholt, óveruleg breyting Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 30. apríl 2025 varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar, rammahluta Vífilsstaðalands sem gerir ráð fyrir

breytingu á afmörkun landnotkunarreitsins 4.10 Íþ til samræmis við tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalaholts sem nú er í auglýsingu. Skipulagsnefnd lagði til að tillagan hlyti meðferð sem óveruleg aðalskipulagsbreyting í samræmi við 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skyldi senda hana Skipulagsstofnun til afgreiðslu en þess sé gætt að hún sé ekki staðfest fyrr en að lokinni samþykkt deiliskipulags Vetrarmýrar og Smalaholts.

2502084 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Gilsbúð 9 (Sómi) stækkun byggingareits - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 30. apríl 2025 varðandi fyrirspurn um útfærslu iðnaðarbyggingar sem kallar á stækkun byggingareits á baklóð sem nær yfir kvöð um holræsi með fram lóðarmörkum. Skipulagsnefnd gerði ekki athugasemd við að skipulagsstjóri vísaði tillögu þess efnis til grenndarkynningar sem óverulegri deiliskipulagsbreytingu og felli um leið niður kvöð um holræsi ef tillagan nær fram að ganga, enda hefur holræsi verið lagt í götu við Gilsbúð en ekki þar sem kvöðin nær til.

5. 2505013F - Fundargerð bæjarráðs frá 13/5 '25.

Ingvar Arnarson ræddi 6.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Miðbær, svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Við í Garðabæjarlistanum teljum mjög mikilvægt að hlustað verði á raddir íbúa hvað varðar breytingar á skipulagi miðbæjar og þess vegna brýnt að forkynningarfundur verði vel auglýstur með góðum fyrirvara. Mikilvægt er að horft sé til nýtingar svæðisins sem miðbæjarkjarna íbúa bæjarins og að lögð verði áhersla á að svæðið sé metið út frá þeim markmiðum sem hafa verið sett um aðlaðandi og heildstæðan miðbæ líkt og var samþykkt í bæjarstjórn 16.júní 2022 með skipun undirbúningsnefndar um uppbyggingu miðbæjar í Garðabæ."

Björg Fengler ræddi 6.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Miðbær svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting.

Ingvar Arnarson tók til máls að nýju og ræddi 6.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Miðbær svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting.

Björg Fengler tók til máls að nýju og ræddi 6.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Miðbær svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting.

Harpa Þorsteinsdóttir tók til máls og ræddi 6.tl. afgreiðslu skipulagsnefndar - Miðbær svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting og 13.tl. stefnu í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun 2025-2026.

Harpa Rós Gísladóttir ræddi 13.tl. stefnu í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun 2025-2026 og 14.tl. Gott að eldast - Efling og þróun dagdvala á landsvísu - skýrslu starfshóps - mars 2025.

Björg Fengler tók til máls að nýju og ræddi 13. tl. stefnu í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun 2025-2026.

Fundargerðin sem er 17.tl. er samþykkt samhljóða.

2505074 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Breiðamýri - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. maí 2025 vegna tillögu að breytingu deiliskipulags Breiðumýrar sem gerir ráð fyrir aðkomu og bílastæðum norðan við Lambamýri 1 til þess að bæta aðgengi að fyrirhuguðum fjölnota sal á jarðhæð. Skipulagsnefnd mat tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Breiðumýrar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum eigna við Lambamýri.

2505076 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Gásamýri 2-28 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. maí 2025 varðandi fyrirspurn lóðarhafa um útfærslu á þakgerð einnar hæða raðhúsa, ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar. Skipulagsnefnd telur að útfærslan samræmist markmiði deiliskipulagsins og gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verið vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu greinar hvað þá útfærslu varðar sem fylgir fyrirspurn.

1405080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Móar, endurskoðað deiliskipulag

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. maí 2025 varðandi tillögu að deiliskipulagi Móa ásamt skýrslu Eflu um umferðarmál innan svæðisins. Tillagan gerir ráð fyrir því að gatan Hrísmóar verði lokuð framan við Hrísmóa 13 að vestanverðu og framan við Hrísmóa 3 að austanverðu. Ný tenging komi frá Bæjarbraut norðan við Garðatorg 2 og þar yrði aðkoma að Miðbæ og að Hrísmóum 1, 6, 8 og 10. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Boða skal til almenns kynningarfundar á meðan á forkynningu stendur og er stefnt að því að hann verði haldinn í maímánuði. Skipulagsnefnd fól umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum að útfæra vöruaðkomu norðan við Garðatorg 1 með ítarlegri hætti en tillagan gerir ráð fyrir og með áherslu á öryggi vegfarenda.

2406836 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Miðbær, svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. maí 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Miðbæjar sem gerir ráð fyrir byggingarreit fyrir 6 hæða fjölbýlishúsi á lóðinni Garðatorg 1 og breyttri útfærslu á byggingarreit á lóð H, við austurenda yfirbyggðrar göngugötu, ásamt byggingarreit ofan á fremri hluta núverandi húss við Garðatorg 1, sem snýr út að torgi. Tillagan er unnin að hálfu fasteignafélagsins Heima sem er lóðarhafi Garðatorgs 1. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Boða skal til almenns kynningarfundar á meðan á forkynningu stendur og er stefnt að því að hann verði haldinn maímánuði. Skipulagsnefnd fól umhverfissviði og skipulagsráðgjöfum að útfæra vöruaðkomu norðan við Garðatorg 1 með ítarlegri hætti en tillagan gerir ráð fyrir og með áherslu á öryggi vegfarenda.

2504479 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Markarflöt 41 - Deiliskipulagsbreyting Flata

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. maí 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Flata sem nær til einbýlishúslóðarinnar Markarflatar 41. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits um 1,7 m til austurs á um 8 metra kafla vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar. Skipulagsnefnd mat tillöguna sem óverulega breytingu

deiliskipulags Flata í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísaði henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum Markarflatar 39, 43, 45 og 47.

2410218 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Móaflöt 51 - Dsk. br. Flata

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. maí 2025 varðandi fyrirspurn um útfærslu á viðbyggingu við endaraðhús að Móaflöt 51. Skipulagsnefnd mat útfærsluna sem óverulega breytingu deiliskipulags Flata í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum raðhúslengjanna Móaflatar 29-39, Móaflatar 41-51 og Móaflatar 53-59.

2503226 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Hnoðraholt Norður, dsk breyting, austurhluti Vorbrautar.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 30. apríl 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norðurs sem gerir ráð fyrir því að afmörkun deiliskipulagssvæðis breytist þannig að austasti hluti Vorbrautar verður felldur út eða það svæði sem deiliskipulag Vetrarmýrar og Smalahólts nær til og er nú í auglýsingu. Skipulagsnefnd mat tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynning er felld niður þar sem að tillagan er í samræmi við tillögu að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Hnoðrahólts norður. Tillagan skal hljóta staðfestingu um leið og tillaga að deiliskipulagi Vetrarmýrar og Smalahólts.

2505078 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Þorraholt 2-4, br dsk Hnoðrah Norður.

Bæjarstjórn samþykkir afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 8. maí 2025 varðandi breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður sem gerir ráð fyrir hækkun hámarkshæðar verslunar og þjónustulóðarinnar Þorraholt 2-4 um 38 cm, úr 78 mys. í 78,38 mys. Gerð var grein fyrir ástæðum þess að sótt er um hækkun. Skipulagsnefnd mat tillöguna sem fylgdi umsókn sem óverulega breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts norður í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum Þorrahólts 1, Þorrahólts 5-9, Þorraholt 6, Úthólts 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10, 11, 13, 15, 17, 19, 21 og 23.

2503150 - Stefna í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun 2025 -2026

Bæjarstjórn staðfestir stefnu Garðabæjar í málefnum eldri borgara - Aðgerðaráætlun 2025-2026.

6. 2504003F - Fundargerð leikskólanefndar frá 10/4 '25.

Margrét Bjarnadóttir ræddi 5.-16.tl. Þróunarsjóð leikskóla - umsóknir.

Brynja Dan Gunnarsdóttir ræddi 4.tl. útboð skólamáltíða 2025 í grunn- og leikskólum. og 5.-

16.tl. þróunarsjóð leikskóla - umsóknir.

Almar Guðmundsson ræddi 4.tl. útboð skólamáltíða 2025 í grunn- og leikskólum og 5.-16.tl. þróunarsjóð leikskóla - umsóknir.

Rakel Steinberg Sölvadóttir ræddi 4.tl. útboð skólamáltíða 2025 í grunn- og leikskólum.

Almar Guðmundsson tók til máls að nýju og ræddi 4.tl. útboð skólamáltíða 2025 í grunn- og leikskólum.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 2505016F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 13/5 '25.

Guðfinnur Sigurvinsson ræddi 1.tl. Jazzþorpið í Garðabæ 2025, 2.tl. Grósku ársskýrslu og ársreikningur 2024, 3.tl. ársskýrslu Bókasafns Garðabæjar 2024 og 4.tl. úthlutun út hvatningarsjóði fyrir unga hönnuði og listamenn.

Ingvar Arnarson ræddi 1.tl. Jazzþorpið í Garðabæ 2025 og lagði fram eftirfarandi sem samþykkt var samhljóða: "Bæjarstjórn færir öllum þeim sem komu að gerð og undirbúningi Jazzþorpsins sérstakar þakkir fyrir vel unnin störf."

Brynja Dan Gunnarsóttir ræddi 1.tl. Jazzþorpið í Garðabæ 2025 og 4.tl. úthlutun úr hvatningarsjóði fyrir unga hönnuði og listamenn.

Almar Guðmundsson ræddi 1.tl. Jazzþorpið í Garðabæ 2025.

Fundargerðin er lögð fram.

8. 2505003F - Fundargerð samráðshóps um málefni fatlaðs fólks frá 8/5 '25.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 1.tl. þjónustukönnun meðal fatlaðs fólks í Garðabæ og 4.tl. tillögu um myndun rýnihópa varðandi þjónustu við fatlað fólk.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 2504017F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 30/4 '25.

Rakel Steinberg Sölvadóttir ræddi fundargerðina.

Almar Guðmundsson ræddi fundargerðina.

Rakel Steinberg Sölvadóttir tók til máls að nýju og ræddi fundargerðina.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 2505005F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 8/5 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 2504015F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 9/4 '25.

Harpa Þorsteinsdóttir ræddi 5.tl. aðalskoðun leiksvæða- skóla og opna leikvelli.

Almar Guðmundsson ræddi 5.tl. aðalskoðun leiksvæða- skóla og opna leikvelli.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 5.tl. aðalskoðun leiksvæða- skóla og opna leikvelli.

Fundargerðin er lögð fram.

12. 2504018F - Fundargerð velferðarráðs frá 11/4 '25.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 5.tl. vinnu og virkni fatlaðs fólks í Garðabæ og 6.tl. búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti.

Rakel Steinberg Sölvadóttir ræddi 6.tl. búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti.

Fundargerðin er lögð fram.

13. 2505004F - Fundargerð öldungaráðs frá 12/5 '25.

Harpa Rós Gísladóttir ræddi 1. tl. kynningu fyrir öldungaráð og 5.tl. aðalfund Öldrunarráðs Íslands 2025.

Björg Fenger ræddi 4.tl. Gott að eldast - aðgerðaráætlun og lagði til að áréttað yrði bókun öldungaráðs frá 9. desember 2024 vegna tíu samþykktra dvalarrýma Ísafoldar, þar sem öldungaráð lagði áherslu á að mikilvægt væri að samningar náist sem fyrst þannig að unnt sé að taka viðbótarrýmin í notkun og styðja á þann hátt við dagdvalarþjónustu eldri borgara í Garðabæ. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin er lögð fram.

14. 2501538 - Fundargerðir heilbrigðiseftirlits frá 31/3 og 28/4 '25.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

15. 2502251 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 21/3 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

16. 2501149 - Fundargerðir stjórnar SSH frá 7/4, 14/4, 23/4 og 5/5 '25.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

17. 2501405 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 2/4 og 23/4 '25.

Gunnar Valur Gíslason ræddi fundargerð frá 2. apríl 2025, 2.tl. tillögu að nýjum móttökuskilmálum og gjaldskrá á jarðvegi og 3.tl. stöðu og framvindu ESA málsins. Þá ræddi hann fundargerð frá 23. apríl 2.tl. málefni endurvinnslustöðva: niðurstöðu útboðs um byggingu endurvinnslustöðvar við Lambhagaveg og fjármögnun.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

18. 2504457 - Fundargerð eigendafundar Strætó bs. frá 14/4 '25.

Fundargerðin er lögð fram.

19. 2502221 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 28/2, 14/3 og 11/4 '25.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi fundargerð frá 28. febrúar 2025, 1.tl. nýtt félag og Strætó bs. og 3.tl. Garðabæ, fundargerð frá 14. mars 2025, 3.tl. ársreikning 2024 og fundargerð 11. apríl 2025, 7.tl. verkefnahóp um innleiðingu breytinga og 8.tl. áhættugreiningu.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

20. 2501492 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 11/4 '25.

Björg Fenger ræddi 1.tl. svæðisskipulag - breytingu á vaxtamörkum - Rjúpnahlíð - Garðabær og 2.tl. Gunnarshólma breytt svæðisskipulag - vaxtamörk.

Fundargerðin er lögð fram.

21. 2408525 - Ársreikningur Garðabæjar 2024 - seinni umræða

Almar Guðmundsson, bæjarstjóri kvaddi sér hljóðs og fór nánar yfir helstu niðurstöður ársreiknings Garðabæjar fyrir árið 2024.

Bæjarstjóri lagði til við bæjarstjórn að samþykkja ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2024.

Rakel Steinberg Sölvadóttir tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun: "Við í Viðreisn erum ánægð að sjá afgang af rekstri sveitarfélagsins. Hluti af þeim árangri er að íbúafjöldi hefur aukist umfram spár sem hefur aukið útsvarstekjur sveitarfélagsins umfram tekjuáætlanir og aukin hlutlæg framlög úr jöfnunarsjóði vegna málaflökks fólks með fötlun. Hluttur stjórnenda sem hafa góða þekkingu á rekstrinum okkar fóru í mikilvægar og verðmætar aðhaldsaðgerðir. Nýja íbúa bjóðum við velkomna í Garðabæ, þau sem flytja hingað aftur bjóðum við velkomin heim.

Viðreisn sæi fyrir sér að við í pólitíkinni í samvinnu við starfsmenn bæjarins venjum okkur við umræðu og vinnubrögð við ársreikninga og fjárhagsáætlanir með að nálgast þá með áhættumiðaðri umfjöllun í huga. Við þurfum öll í bæjarstjórn að skilja og þekkja hvaða áhættu rekstur félagsins felur í sér, en áhættan getur verið fölginn í vinnslu og vistun gagna, fjármögnun, fyrirséðar ógnir, veikleikar eða hvað annað sem eru í eðli sínu ekki fjárhagslegt en geta haft mikil eða takmörkuð fjárhagslegar áhrif til skemmri eða lengri tíma."

Gunnar Valur Gíslason tók til máls.

Björg Fenger tók til máls og lagði fram eftirfarandi bókun:

"Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2024 endurspeglar sterka fjárhagslega stöðu bæjarsjóðs. Rekstrarniðurstaða ársins er jákvæð um 1.183 milljónir króna og sjóðstreymið er sterkt. Traust og sterk fjárhagsstaða bæjarsjóðs er grundvöllur þess að Garðabær sé vel undir það búinn að mæta aukinni þjónustu vegna fjölgunar íbúa samhliða uppbyggingu nýrra hverfa.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum A-hluta á árinu 2024 nam 6.264 milljónum króna, þar af vó uppbygging skóla og íþróttamannvirkja í bænum langþingst, um 2.800 milljónum króna eða um 45% af öllum fjárfestingum A-hluta bæjarsjóðs. Myndarleg uppbygging samgönguinnviða í nýjum hverfum setur einnig svip sinn á ársreikninginn og var allur rekstrarafgangur ársins auk hóflegrar lántöku nýttur til fjárfestinga. Það er til marks um góðan árangur í rekstri ársins að skuldir A sjóðs lækkuðu um 2 milljarða króna á árinu.

Allar kennitölur í rekstri bera vott um trausta fjárhagsstöðu Garðabæjar. Skuldaviðmið nemur 97% og skuldahlutfall 120% en var 126% árið 2023. Veltufé frá rekstri er 2.466 m.kr. sem er um 8,1% í hlutfalli við rekstrartekjur, en var 2,2% árið 2023.

Ábyrgur rekstur bæjarsjóðs með vellíðan og lífsgæði bæjarbúa að leiðarljósi endurspeglar áherslur bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Við teljum mikilvægt að tryggja öryggi, festu og skilvirkni í rekstri bæjarins, álögum í Garðabæ sé haldið sem lægstum meðal stærstu

sveitarfélaga landsins og þjónustukannanir staðfesti áfram mikla ánægju íbúa með þjónustu bæjarins."

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða við síðari umræðu ársreikning Garðabæjar fyrir árið 2024 samkvæmt 61. gr. sveitarstjórnalaga nr. 138/2011, sbr. 2. tl. 1. mgr. 18. gr. laganna.


Samþykktinni til staðfestingar er ársreikningurinn undirritaður af viðstöddum bæjarfulltrúum.


Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.


Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 15. maí 2025 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Harpa Rós Gísladóttir, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)
Rakel Steinberg Sölvadóttir, (sign)

Fundargerð bæjarstjórnar Garðabæjar 15. maí 2025 er lesin upp í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.


Gunnar Einarsson



Halpa Petur


Harpa Rós Gísladóttir


Harpa Rós Gísladóttir

Margrét Bjarnadóttir

Rakel Steinberg Sørensen


Alvin Björnsson

Bogi Stange


Hannes Bogi Einarsson

Bæjarráð Garðabæjar
19. (2167). fundur 2025

Þriðjudaginn 20. maí 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir varamaður, Gunnar Valur Gíslason varamaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir varamaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2407142 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar 2025 (2025-2028) - Fjármögnun kostnaðarauka vegna kjarasamninga.

Bæjarstjóri kynnti útfærslu á því hvernig Garðabær hyggst mæta kostnaðarauka í tengslum við kjarasamninga við kennarafélögin, ásamt hagræðingartillögum.

1. Hagræðing kr. 83.000.000. Áformað er að hagræða í launakostnaði að fjárhæð kr. 73.000.000 sem mætt verður með færri sumarstörfum á bæjarskrifstofum, engar nýráðningar sumarstarfa eftir 19. maí, átak í að draga úr kostnaði vegna skammtímaveikinda, launafrysting bæjarstjóra og sviðsstjóra, ásamt almennri hagræðingu launa. Að auki er ráðgert að hagræða í aðkeyptri þjónustu sveitarfélagsins að fjárhæð kr. 10.000.000.

Þá mun frekari kostnaði mætt með eftirfarandi hætti, sbr. minnisblað sem kynnt var í bæjarráði 25. mars 2025:

2. Varasjóður samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun kr. 200.000.000.
3. Tekjuauki vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga (uppfærð áætlun sjóðsins) kr. 100.000.000.
4. Tekjuauki vegna herra útsvars af launum kennara kr. 50.000.000.
5. Minnkað umfang framkvæmda kr. 100.000.000. Dregið verður úr framkvæmdum eins og unnt er.

2. 2502376 - Stekkholt 2 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sigurgeir Sigurgeirssyni, kt. 080264-3569, leyfi til að byggja tvílyft einbýlishús með innbyggðum bílskúr að Stekkholti 2.

3. 2502149 - Vorbraut 3 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vorbraut 3 ehf., kt. 471223-1820, leyfi fyrir byggingu fjölbýlishúss á 3 hæðum með 10 íbúðum að Vorbraut 3.

4. 2502148 - Vorbraut 7 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vorbraut 7 ehf., kt. 451223-1780, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 10 íbúðum að Vorbraut 7.

5. 2504268 - Opnun tilboða í verkefnið Skógarhverfi 1. áfangi - Veitulagnir og yfirborðsfrágangur.

Eftirfarandi tilboð bárust í útboðsverkið "Skógarhverfi 1. áfangi - veitulagnir og frágangur":

1. Fagurverk, kr. 94.883.500.
2. Garðyrkjuþjónustan, kr. 101.386.500.
3. Gleipnir, kr. 126.000.000.
4. Stjórnugarðar, kr. 99.897.000.
5. Sumargarðar, kr. 116.297.000.
6. Alma-verk, kr. 106.892.000.
7. Línuborun, kr. 104.837.450.

Kostnaðaráætlun var kr. 114.712.200.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Fagurverk, að fjárhæð kr. 94.883.500. Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

6. 2505251 - Útboð - Dælustöð Hólmatún Álftanes

Bæjarráð samþykkir að boðin verði út Dælustöð við Hólmatún, Álftanesi samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Bæjarráð felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins.

7. 2402030 - Útboð - Samræmd innkaup á sorphirðu í stofnunum.

Eftirfarandi tilboð bárust í útboðsverkið "Sorphirða hjá stofnunum Garðabæjar 2025-2029":

1. Íslenska gámafélagið ehf., kr. 77.750.800.
2. Terra umhverfisþjónusta hf., kr. 60.377.910.
3. Kubbur ehf., kr. 112.616.000.

Kostnaðaráætlun var 104.000.000.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lægstbjóðanda Terra umhverfisþjónustu hf. að fjárhæð kr. 60.377.910. Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

8. 2505268 - Útboð - Miðgarður - innréttingar 2. hæð-vestur.

Bæjarráð samþykkir að boðnar verði út innréttingar 2. hæð-vestur í Miðgarði samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Bæjarráð felur umhverfissviði framkvæmd útboðsins.

9. 2504312 - Milliinnheimta.

Samantekt um þjónustu milliinnheimtuaðila kynnt, ásamt innsendum svörum sem bárust Garðabæ eftir fyrirspurnir til þjónustuaðila á sviðinu.

Bæjarráð samþykkir að ganga til samninga við Motus um framkvæmd milliinnheimtu fyrir Garðabæ. Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjóra til frágangs og undirritunar samnings.

10. **2505270 - Tilkynning frá innviðaráðuneytinu varðandi áform um lagabreytingar á sviði sveitarstjórnarmála - kynnt í samráðsgátt, dags. 14. maí 2025.**

Lagt fram.

11. **2504103 - Bæjarlistamaður Garðabæjar 2025.**

Bæjarráð samþykkir tillögu menningar- og safnanefndar um tilnefningu á bæjarlistamanni Garðabæjar árið 2025.

Tilnefningarnar verða tilkynntar á menningaruppskeruhátíð föstudaginn 23. maí 2024, kl. 17:00 í Sveinatungu.

12. **2304427 - Samfélagslögregla í Garðabæ.**

Kynnt samstarfsverkefni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu við Garðabæ og félagsmiðstöðvar Garðabæjar.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

Bæjarráð Garðabæjar
20. (2168). fundur 2025

Þriðjudaginn 27. maí 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Margrét Bjarnadóttir varamaður, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir varamaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2410186 - Skuldabréfaútboð Garðabæjar

Bæjarráð samþykkir að fela Arion banka að sjá um skuldabréfaútboð á vegum bæjarins í útistandandi skuldabréfaflokkum GARD 11 1 að fjárhæð allt að kr. 2.500.000.000, í samræmi við samþykktar lántökuheimildir.

2. 2503548 - Eskiás 7 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Framkvæmdafélaginu Eskiási hf. leyfi fyrir byggingu 2. hæða fjölbýlishúss með 17 íbúðum að Eskiási 7.

3. 2504274 - Vorbraut 5 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Vorbraut ehf., kt. 411123-1890, leyfi fyrir byggingu þriggja hæða 14 íbúða fjölbýlishúss byggt ofan á bílakjallara, að Vorbraut 5.

4. 2505399 - Opnun tilboða í verkið "Viðgerðir á steiptum gönguleiðum í Garðabæ 2025-2026".

Eftirfarandi tilboð bárust í útboðsverkið "Viðgerð á steiptum stéttum í Garðabæ 2025-2026":

1. Bergþór ehf., kr. 51.800.000.
2. Tinnuberg ehf., kr. 38.915.000.
3. Ljósþing ehf., kr. 39.220.000.
4. Gott verk ehf., kr. 53.280.000.

Kostnaðaráætlun var 46.600.000.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði lögstjóðanda Tinnuberg ehf., að fjárhæð kr. 38.915.000. Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 5 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða

mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

5. 2505409 - Erindi Náttúruverndarstofnunar um tillögu að endurskoðun og stækkun friðlands Gróttu, dags. 21. maí 2025.

Lagt fram.

6. 2412089 - Lántaka Sorpu bs. vegna Lambhagavegar.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja fyrir hönd Garðabæjar lántöku Sorpu bs. að fjárhæð kr. 1.345.000.000 vegna uppbyggingar á endurvinnslustöð að Lamhagavegi 14. Ábyrgðarhlutafall Garðabæjar í lántökunni er 8,09%, eða alls kr. 108.766.608. Bæjarráð leggur til að bæjarstjóra verði falið f.h. Garðabæjar að undirrita öll nauðsynleg skjöl vegna lántökkunnar.

Bæjarráð samþykkir jafnframt að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja fyrir hönd Garðabæjar lántöku Sorpu bs. að fjárhæð kr. 639.000.000 vegna endurfjármögnunar á láni nr. 505200687. Ábyrgðarhlutafall Garðabæjar í lántökunni er 8,09%, eða alls kr. 51.674.247. Bæjarráð leggur til að bæjarstjóra verði falið f.h. Garðabæjar að undirrita öll nauðsynleg skjöl vegna lántökkunnar.

7. 2505389 - Umsagnarbeiðni vegna umsóknar Priksins ehf. um tímabundið áfengisleyfi vegna einkasamkvæmis í Hlöðunni við Jörfaveg.

Lögð fram beiðni Priksins ehf. um tækifærisleyfi vegna áfengisveitinga fyrir Hlöðuna, Jöfravegi við Breiðabólstjörn, 31. maí 2025. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að umbeðið leyfi verði veitt.

8. 2411259 - Endurnýjun samnings við Skógræktarfélag Reykjavíkur.

Lögð fram drög að endurnýjuðum samningi milli Garðabæjar og Skógræktarfélags Reykjavíkur. Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykka fyrirbyggjandi samningsdrög og fela bæjarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Garðabæjar.

9. 2505393 - Bréf Kvenfélags Garðabæjar varðandi kaffihlaðborð í Sveinatungu á 17. júní, dags. 21. maí 2025.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindi um að hátíðarhlaðborð á 17. júní 2025 verði í Sveinatungu, fundarsal bæjarstjórnar ásamt því að vera á innitorgi á Garðatorgi. Bæjarráð vísar erindinu til afgreiðslu og úrlausnar bæjarstjóra.

10. 2505408 - Ársskýrsla Landskjörstjórnar og fréttabréf.

Lagt fram.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Bæjarráð Garðabæjar
21. (2169). fundur 2025

Þriðjudaginn 3. júní 2025 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Hrannar Bragi Eyjólfsson aðalmaður, Ingvar Arnarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2109388 - Vetrarmýri, sala og úthlutun lóða - kynning.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir drögum að kynningu á sölu á byggingarrétta lóða í Vetrarmýri. Um er að ræða tvo reiti með samtals 177 íbúðum, 2.846 fermetra atvinnuhúsnæði og lóðarstærð 9.449 fermetra. Málinu frestað til frekari skoðunar.

2. 2410186 - Skuldabréfaútboð Garðabæjar

Á fund bæjarráðs mætti Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri og gerði grein fyrir tilboðum í lántöku. Skuldabréfaútboði Garðabæjar í skuldabréfaflokknum GARD 11 1 lauk 2. júní 2025. Heildartilboð í flokkinn voru 9 talsins og námu samtals 2.385 m.kr. að nafnverði. Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að heimila bæjarstjóra að samþykkja tilboð samkvæmt útboðinu að fjárhæð allt að 1.370 m.kr. að nafnverði, með ávöxtunarkröfu upp á 3,9%. Markaðsvirði útgáfunnar nemur 1.877.067.524 kr. Fyrir útboðið var útistandandi í skuldabréfaflokknum GARD 11 1 að nafnverði 3.000 m.kr., en heildarstærð flokksins eftir útboðið verður því 4.370 m.kr. að nafnverði. Framangreindar fjárhæðir eru í samræmi við samþykktar lántökuheimildir.

3. 2503260 - Útholt 10 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Fjölni Má Geirssyni, kt. 040480-3159, leyfi fyrir byggingu einbýlishúss að Útholti 10.

4. 2410080 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Hnoðraholt - Háholt - Aðalskipulagsbreyting

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að staðfesta afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 26. maí 2025 varðandi tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar, rammahluta Vífilsstaðalands, sem nær til háholts Hnoðraholts.

Ábendingar og umsagnir sem bárust gefa ekki tilefni til breytinga á tillögunni.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni óbreyttri til auglýsingar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skal hún send Skipulagsstofnun til athugunar.

5. 2410298 - Afgreiðsla skipulagsnefndar - Lækjarfit, Langafit - breyting lóða

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að staðfesta afgreiðslu skipulagsnefndar frá fundi 26. maí 2025 varðandi tillögu að breytingu deiliskipulags Hraunsholts eystra sem nær til lóðarinnar Lækjarfitjar 6 og Löngufitjar 5. Athugasemd barst frá eiganda Löngufitjar 5. Lögð fram tillaga að breyttum lóðarmörkum sem hefur verið mótuð í samráði við eiganda Löngufitjar 5. Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna með breyttri útfærslu sem er viðbragð við innsendri athugasemd í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6. 2412377 - Útboð skólamáltíða 2025 í grunn- og leikskólum.

Eftirfarandi tilboð bárust í útboðsverkið "Skólamálsverðir í grunn- og leikskólum 2025-2029":

Tilboð frá Skólamat ehf.:

1. Austurhverfi - heildartilboð - kr. 974.304.600.
2. Miðhverfi - heildartilboð - kr. 1.710.018.700.
3. Vesturhverfi - heildartilboð - kr. 957.982.300.

Tilboð bárust ekki frá öðrum.

Bæjarráð samþykkir að taka tilboði Skólamatar ehf., að fjárhæð kr. 974.304.600 fyrir austurhverfi, kr. 1.710.018.700 fyrir miðhverfi og kr. 957.982.300 fyrir vesturhverfi. Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins. Vakin er athygli á að samkvæmt 86. gr. laga um opin-ber innkaup nr. 120/2016 þarf að líða 10 daga biðtími frá ákvörðun um töku tilboðs til gerðar samnings. Heimilt er að skjóta ákvörðun bæjarráðs til kærunefndar útboðsmála og er kærufrestur samkvæmt 106. gr. laga um opinber innkaup 20 dagar frá því að kæranda var eða mátti vera kunnugt um ofangreinda ákvörðun.

Bæjarráð felur grunnskólanefnd og leikskólanefnd að fylgja nánar eftir framkvæmd samningsins.

7. 2505501 - Almyrkvi á sólu 12. ágúst 2026, undirbúningur.

Gerð grein fyrir bréfi SSH vegna skipunar í aðgerðarhóp sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna almyrkva á sólu 12. ágúst 2026, til samræmis við fyrirliggjandi tillögu til þingsályktunar um skipun aðgerðarhóps vegna almyrkvans. Sviðsstjóri umhverfissviðs mun sitja í hópnum fyrir hönd Garðabæjar.

8. 2505520 - Gervigreindarstefna Garðabæjar

Sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs kynnti stefnu um notkun gervigreindar hjá Garðabæ, en bærinn hefur það markmið með notkun gervigreindar að auka möguleika starfsfólks og notenda til upplýsinga og sjálfbærni, auka sjálfstæði í vinnu og verkefnum og leggja nútímaleg verkfæri í hendur starfsfólks.

Bæjarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja fyrirliggjandi stefnu.

9. 2506010 - Kvöldakstur leiða 22 og 23 í Garðabæ.

Lagt fram minnisblað Strætó varðandi kvöldakstur leiða 22 og 23 í Garðabæ.

Bæjarráð samþykkir að hafinn verði kvöldakstur með hálf tíma tíðni á leiðum 22 og 23 frá 1. september 2025. Stefnt skal að því að tími síðustu ferðar taki mið af útivistartíma barna og ungmenna eftir því sem því verður við komið.

Skal þjónustan vera til reynslu og endurmetin að ári liðnu. Samhliða verði möguleg tilhögun og útfærsla innanbæjaraksturs í Garðabæ metin og rýnd.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar

38. fundur 2025

Fimmtudaginn 10. apríl 2025 kl. 08:00 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Garðabæ.

Fundinn sátu: Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður, Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson aðalmaður, Sigurður Sveinn Þórðarson varamaður og Kári Jónsson íþróttta-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Fundurinn var haldinn í golfskála Golfklúbbsins Odds á Urriðavelli í boði klúbbsins.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2504152 - Sumarnámskeið barna 2025

Stefnt er að því að gefa út yfirlit yfir sumarnámskeið barna á vegum félaga og einkaaðila eftir sumardaginn fyrsta. Félög hafa verið að senda inn sína dagskrá og hafa tíma fram til 10. apríl til að skila inn upplýsingum.

Lagt er upp með að hafa einhver tilboð allar vikur sumarsins þó skráingar verði litlar. Flest félög gera hlé á námskeiðum síðustu tvær vikur júlí.

2. 2504083 - Umsókn um ferðastyrk íþróttta- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Þórdísar Unnar Bjarkadóttur vegna EM U21 árs í bogfimi innandyra, Tyrklandi 15. febrúar 2025.

3. 2504151 - Golfklúbburinn Oddur

Þorvaldur Þorsteinsson fráfarandi framkvæmdastjóri GO og Haraldur V. Haraldsson nýr framkvæmdastjóri GO fóru yfir starfið í Golfklúbbum Oddi og helstu áskoranir varðandi æfingaaðstöðu, einkum í barna og unglingaþjálfun.

Áformum eru um stækkun vallarins upp í 27 brautir með möguleika á þremur 9 holu hringjum.

Tillögum um þá útfærslu er að vænta á næstu mánuðum.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar

39. fundur 2025

Miðvikudaginn 14. maí 2025 kl. 08:00 kom íþróttta- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar í Garðavör í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Hrannar Bragi Eyjólfsson formaður, Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður, Arnar Hólm Einarsson varamaður, Kári Jónsson íþróttta-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttta-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2505221 - Vinnuskóli Garðabæjar sumarið 2025

Gunnar Richardsson umsjónarmaður Vinnuskólans fór yfir umsóknir og skipulag sumarstarfsins 2025. 515 umsóknir eru komnar og enda líklegast í 6-700. Búast má við viðbótarskráningum þegar nær líður júní. Allir nemendur með lögheimili og eða í skólum í Garðabæ fái starf. Yfirflokkstjorar mæta til vinnu 20. maí og afgreiða óskir félaga og stilla upp í almenna hópa. Vinnan hefst 10. Júní hjá tveimur eldri árgöngunum 2009 og 2010 og 12. Júní hjá 2011. Eldri eiga að getað unnið mest samtals 1705 tíma en 2011 geta unnið 99.5 tíma.

2. 2505214 - Viðhaldsverkefni útisvæða, göngu- og hjólastíga

Farið var yfir minnisblað frá Umhverfissviði um helstu viðhaldsverkefni Garðabæjar varðandi útileikvelli, leiktæki, þrekkæki, hjóla- og göngustíga. Þar komu einnig fram hugmyndir að staðsetningu nýrra úti hreystivalla svo sem NV-Urriðaholts, við leiksvæðið Sandakri, á opnu svæði við Búðakinn, í Hæðahverfi, við Vífilsstaðavatn. Fundarmenn nefndu einnig Ásahverfi og við ylströndina í Sjálandshverfi.

3. 2503352 - Hönnun - Útboð - Endurnýjun Gervigras Álftanesvöllur

Niðurstaða bæjarráðs vegna útboðs í endurnýjun á gervigrasi knattspyrnuvallar á íþróttasvæðinu við Breiðumýri á Álftanesi, Álftanesvallar var kynnt:

Eftirfarandi tilboð bárust í útboðsverkið "Garðabær - Álftanesvöllurinn - Endurnýjun gervigras":

Altis ehf. (4 tilboð): kr. 88.845.006, kr. 98.364.630, kr. 103.403.116 og kr. 112.922.740.

Metatron ehf. (3 tilboð): kr. 102.269.600, kr. 112.079.600 og kr. 119.927.600.

Laidarz (danskt lagningarfyrirtæki - 2 tilboð): kr. 122.799.474 og kr. 134.014.266.

Kostnaðaráætlun var kr. 116.595.000.

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 6. maí 2025 að taka tilboði lægstbjóðanda Altis ehf. að fjárhæð kr. 88.845.006, 76% af kostnaðaráætlun.

Samþykktin er með fyrirvara um að uppfylltir séu allir skilmálar útboðsins og er sviðsstjóra umhverfissviðs falin afgreiðsla málsins.

4. 2504152 - Sumarnámskeið barna 2025

15 félög hafa tilkynnt námskeið fyrir yngri börn í sumar. Slóðin á kynningar á vef bæjarins er: <https://www.gardabaer.is/ibuar/ithrotta-og-tomstundastarf/sumarnamskeid/>

5. 2208200 - Samningur við KSÍ um afnot að Miðgarði

Endurnýjun samnings við KSÍ um afnot af knattspyrnuaðstöðu í Miðgarði næstu 3 ár var lögð fram til kynningar.

ÍTG leggur áherslu á ákvæði 6. greinar samningsins þar sem Garðabær gerir fyrirvara um að verði þörf á að sinna skólaíþróttum og íþróttafélögum bæjarins í húsinu getur komið til þess að endurskipuleggja þurfi notkun á mismunandi rýmum í samstarfi við forstöðumann Miðgarðs.

6. 2504247 - Umsókn um ferðastyrk íþrótt- og tómstundaráðs Garðabæjar

ÍTG samþykkir ferðastyrk kr. 20.000 til Hákonis Atla Bjarkasonar vegna keppni í borðtennis á Finnland Open 7. apríl 2025 á vegum ÍF.

Önnur mál:

a) Verið er að undirbúa sérstakt verkefni vegna félagslegrar einangrunar eldri borgara. Velferðarsvið hefur auglýst starf í sumar til þess að vinna að verkefninu í sumar. Umsóknarfrestur er til 15. maí 2025.

Þá hefur velferðarsvið verkefni til að sporna gegn félagslegri einangrun eldri borgara á dagskrá haustið 2025 eða vorið 2026.

b) Kynning á niðurstöðum úr síðustu fyrirögn íslensku Æskulýðsrannsóknarinnar fór fram í Sveinatungu klukkan 9:00-10:30.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
31. fundur 2025

Þriðjudaginn 27. maí 2025 kl. 15:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í leikskólanum Krakkakoti.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir formaður, Haukur Þór Hauksson aðalmaður, Inga Rós Reynisdóttir aðalmaður, Finnur Jónsson aðalmaður, Rakel Norðfjörð Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi, Jónína Guðrún Brynjólfsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Agnes Ólöf Pétursdóttir fulltrúi starfsmanna og Árdís Ethel Hrafnisdóttir fulltrúi foreldra.

Fundargerð ritaði: Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2505186 - Skóladagatal leik- og grunnskóla 2026-2027

Tillaga að leikskóladagatali fyrir skólaárið 2026-2027 lögð fram og samþykkt.

2. 2505184 - Erindi frá MMS - Birting námsefnis sem styrkt hefur verið af Þróunarsjóði leik- og grunnskóla

Leikskólanefnd samþykkir beiðni frá Miðstöð menntunar og skólaþróunar um að birta og vekja athygli á því námsefni sem unnið hefur verið með styrkjum úr Þróunarsjóði leikskóla að því tilskyldu að fram komi að verkefnið séu styrkt úr Þróunarsjóði leikskóla Garðabæjar og höfunda verkefna sé getið.

3. 2503165 - Innritun í leikskóla 2025

Leikskólanefnd lýsir yfir mikilli ánægju með stöðu innritunar í leikskóla Garðabæjar fyrir haustið 2025.

4. 2505417 - Heimsókn leikskólanefndar í Krakkakot

Leikskólanefnd þakkar stjórnendum Krakkakots, Ragnhildi Gunnlaugsdóttir og Lauru Jakobsdóttur kærlega fyrir móttöku og kynningu á því góða starfi sem fram fer í Krakkakoti.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
64. fundur 2025

Þriðjudaginn 8. apríl 2025 kl. 08:30 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í Hönnunarsafni við Garðatorg.

Fundinn sátu: Guðfinnur Sigurvinsson formaður, Guðrún Arna Sturludóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður og Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2301082 - Aðgerðaáætlun Garðabæjar í jafnréttismálum 2024-2026

Kynning á aðgerðaáætlun Garðabæjar í jafnréttismálum 2024-2026. Snædís Björnsdóttir, lögfræðingur á velferðarsviði sat fundinn undir þessum lið, kynnti aðgerðaráætlunina og svaraði fyrirspurnum fundarmanna.

Gestir

snædís björnsdóttir - 08:30

2. 2503008 - Sinfó í sundi - Samfélagsgleði um allt land í lok ágúst

Menningar- og safnanefnd styður að Garðabær taki þátt í verkefninu Sinfó í sundi! í lok ágúst.

3. 2504103 - Bæjarlistamaður og heiðursviðurkenning 2025

Menningar- og safnanefnd samþykkti einróma val á bæjarlistamanni. Valið fer til samþykktar hjá bæjarráði. Lagt til að útnefningarathöfn fari fram föstudaginn 23. maí kl. 17.

4. 2504150 - Jazzþorpið í Garðabæ 2025

Dagskrá Jazzþorpsins í Garðabæ 2025 kynnt og nýtt kynningarefni. Þorpið verður opnað föstudaginn 2. maí kl. 17 og metnaðarfull og áhugaverð dagskrá fer fram á göngugötunni Garðatorgi til og með sunnudagskvöldi 4. maí.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar

9. fundur 2025

Mánudaginn 26. maí 2025 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Kjartan Vilhjálmsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Baldur Ólafur Svavarsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2406836 - Miðbær, svæði I og II, Garðatorg 1, deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Miðbæjar Garðabæjar sem vísað hefur verið til forkynningar. Útfærsla á vöruaðkomu að Garðatorgi 1 frá Hrísmóum, sem skipulagsnefnd óskaði eftir að yrði mótuð nánar, er nú hluti af tillögunni. Klara Sól Ágústssdóttir arkitekt hjá THG arkitektum gerði grein fyrir útfærslunni.

Skipulagsnefnd samþykkir útfærsluna og skal hún kynnt á almennum kynningarfundum sem verður haldinn á morgun, þriðjudaginn 27. maí.

2. 1405080 - Móar, endurskoðað deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Móa sem vísað hefur verið til forkynningar. Tillagan tekur nú mið af útfærslu á vöruaðkomu að Garðatorgi 1 frá Hrísmóum, sem skipulagsnefnd óskaði eftir að yrði mótuð nánar. Jóhanna Helgadóttir arkitekt hjá Nordic arkitektum gerði grein fyrir tillögunni.

Skipulagsnefnd samþykkir útfærsluna og skal hún kynnt á almennum kynningarfundum sem verður haldinn á morgun, þriðjudaginn 27. maí.

3. 2410080 - Hnoðraholt - Háholt - Aðalskipulagsbreyting

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar, rammahluta Vífilsstaðalands, sem nær til háholts Hnoðraholts í annað sinn að lokinni forkynningu.

Ábendingar og umsagnir sem borist hafa við tillögu að deiliskipulagi sama svæðis lagðar fram. Þau gögn gefa ekki tilefni til breytinga á tillögunni.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni óbreytt til auglýsingar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skal hún send Skipulagsstofnun til athugunar.

4. 2505199 - Gerðarkot 4 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn um útfærslu breytingar á lóðinni Gerðarkot 4 á Álftanesi. Fyrirspurn vísað til skoðunar hjá umhverfissviði.

5. 2505200 - Víðiholt - Girðingar - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn raðhúseigenda í Víðiholti um útfærslu girðinga og skjólveggja á lóðum.

Fyrirspurn vísað til skoðunar hjá umhverfisviði.

6. 2410298 - Lækjarfit, Langafit - breyting lóða

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hraunsholts eystra sem nær til lóðarinnar Lækjarfitjar 6 og Löngufitjar 5. Athugasemd barst frá eiganda Löngufitjar 5.

Lögð fram tillaga að breyttum lóðarmörkum sem hefur verið mótuð í samráði við eiganda Löngufitjar 5.

Skipulagsnefnd samþykkir tillöguna með breyttri útfærslu sem er viðbragð við innsendri athugasemd í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

7. 2501426 - Skeiðarás 6 - Umsókn um byggingarleyfi

Lagt fram minnisblað Ívars Pálssonar lögmanns.

Vísað til umhverfissviðs.

8. 2505075 - Aratún 20 - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn til skipulagsnefndar þar sem óskað er eftir svari skipulagsnefndar um meðfylgjandi hugmynd að útfærslu stækkunar.

Flatarmál byggingar með viðbyggingu yrði undir þeirri heimild sem deiliskipulag veitir.

Viðbygging á baklóð fer lítillaga út fyrir byggingarreit.

Skipulagsnefnd telur að útfærsluhugmynd komi til greina en bendir á að samþykki meðeiganda raðhúslengjunnar þarf að liggja fyrir.

9. 2409044 - Mávanes 13 - Umsókn um byggingarleyfi

Skipulagsstjóri fór yfir stöðu máls vegna nausts, sem nær að hluta til út fyrir lóðarmörk.

Samtal við lóðareiganda hefur átt sér stað.

Vísað til skoðunar hjá umhverfissviði

10. 2505354 - Teistunes 1 - byggingareitur - Fyrirspurn til umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn um hugmyndir að stækkun íbúðarhússins að Teistunesi 1.

Vísað til skoðunar hjá tækni og umhverfissviði.

11. 2502449 - Vetrarmýri, tillaga að breytingu á deiliskipulagi, leikvangur ofl.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Vetrarmýrar að lokinni auglýsingu, ásamt þeim umsögnum, athugasemdum og ábendingum sem borist hafa.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjafa.

12. 2502444 - Urriðaholtsstræti 1-7 - Urriðaholt Norð.- 4.áf.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts Norður 4.áfanga að lokinni auglýsingu, ásamt þeim athugasemdum og ábendingum sem borist hafa. Tillaga nær til lóðanna Urriðaholtsstræti 1, 3-5 og 7.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjafa.

13. 2502185 - Urriðaholt Norðurhluti 4.áfangi, deiliskipulagsbreyting, Flóttamannavegur

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts Norðurhluti 4 að lokinni auglýsingu, ásamt þeim athugasemdum og ábendingum sem borist hafa.

Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjafa.

14. 2502186 - Urriðaholt Austurhluti, deiliskipulagsbreyting, Flóttamannavegur

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts austurhluta að lokinni auglýsingu, ásamt þeim athugasemdum og ábendingum sem borist hafa.
Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjafa.

15. 2502187 - Deiliskipulag útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum, deiliskipulagsbreyting Flóttamannavegur

Lögð fram tillaga að breytingu að deiliskipulagi útivistarsvæðis í Urriðavatnsdölum að lokinni auglýsingu, ásamt þeim athugasemdum og ábendingum sem borist hafa.
Vísað til úrvinnslu hjá umhverfissviði og skipulagsráðgjafa.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
30. fundur 2025

Miðvikudaginn 14. maí 2025 kl. 08:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir formaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrunn Ava Lúðvíksdóttir varamaður, Hannes Ingi Geirsson aðalmaður, Tamar Klara Lipka Þormarsdóttir aðalmaður, Hjördís Guðný Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi, Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Þorgerður Anna Arnardóttir varafulltrúi skólastjóra og Ragnheiður Stephensen fulltrúi kennara.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2505184 - Erindi frá MMS - Birting námsefnis sem styrkt hefur verið af Þróunarsjóði leik- og grunnskóla

Skólanefnd samþykkir beiðni frá Miðstöð menntunar og skólaþróunar um að birta og vekja athygli á því námsefni sem unnið hefur verið með styrkjum úr Þróunarsjóði grunnskóla að því tilskyldu að fram komi að verkefnin séu styrkt úr Þróunarsjóði grunnskóla Garðabæjar og höfunda verkefna sé getið.

2. 2502489 - Endurmenntunarsjóður grunnskóla 2025

Lagt fram bréf frá Endurmenntunarsjóði grunnskólans um úthlutun styrkja til verkefna á sviði fræðslu- og uppeldismála, samtals að fjárhæð kr.5.768.

Um er að ræða eftirfarandi styrki.

Álftanesskóli kr. 700.000
Flataskóli kr. 700.000
Hofsstaðaskóli kr. 700.000
Sjálalandsskóli kr. 280.000
Urriðaholtssk. kr. 700.000
Garðabær - fræðslu- og menningarsvið kr. 2.688.000.-

Samtals úthlutað kr.5.768.000.-

3. 2505186 - Skóladagatal grunnskóla 2026-2027

Tillaga að skóladagatali grunnskóla 2026-2027 lögð fram og samþykkt.

4. 2505195 - Hjallastefnan breytingar á grunnskólastigi

Lagt fram bréf frá Barnaskóla Hjallastefnunnar um breytingar á skólahaldi. Frá og með skólaárinu 2025-2026 mun kennsla á miðstigi verða hætt. Skólanefnd felur fræðslustjóra að skoða gildandi samning og áhrif á hann vegna breytinganna.

5. 2505185 - Íslenska æskulýðsrannsóknin í grunnskólum 2025 Garðabær

Ingimar Guðmundsson verkefna- og kynningarstjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga og Ragný Þóra Guðjohnsen, faglegur stjórnandi Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar - Menntavísindastofnun Háskóla Íslands, kynntu niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar vegna skólaársins 2024-2025.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Stjórn Hönnunarsafns Íslands

02. fundur 2025

Þriðjudaginn 29. apríl 2025 kl. 15:00 kom stjórn Hönnunarsafns Íslands saman til fundar Hönnunarsafn Íslands.

Fundinn sátu: Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Stella Stefánsdóttir formaður, Vera Rut Ragnarsdóttir aðalmaður, Sigríður Sigurjónsdóttir forstöðumaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þjónustu- og þróunarsviðs.

Fundargerð ritaði: Sigríður Sigurjónsdóttir, forstöðumaður.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2504001HO - Hagræðingarkrafa 2025

10m hagræðingarkrafa er gerð á Hönnunarsafn Íslands sem nemur 14% lækkun á fyrirhuguðu framlagi Garðabæjar 2025.

Fastur kostnaður safnsins er aðallega laun og leiga. Starfsgildi 2025 eru 3, þar af hálfst stöðugildi vegna sérstaks tímabundins styrks frá ríkinu fyrir safnfræðslu.

Það er mat stjórnar að safnið geti ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínu með færri starfsgildum en 2,5 auk starfsfólks í tímavinnu um helgar.

Áður en hagræðingarkrafa var sett fram var safnið þegar búið að skuldinda sig vegna nokkurra verkefna 2025. Safnið þarf jafnframt að vera með framlag á móti styrkjum sem fást úr Safnasjóði. Fyrir utan laun og leigu er eins og áður segir ekki mikið svigrúm til hagræðingar en eftir ítarlega yfirferð er talið mögulegt að hagræða um 4 m.kr. á árinu.

Það má gera ráð fyrir að þessi hagræðing komi niður á aðsókn á safnið og rekstri, en hagræðingin felur m.a. í sér að það verður nánast ekkert auglýst þar sem eftir er ársins, kaup safngripa verður í lágmarki, þátttaka á ráðstefnum verður dregin saman og sýningum fækkar.

Til viðbótar við að lækka kostnað er vilji og áhugi hjá starfsmönnum að vinna í því að auka tekjur safnsins. Þetta má til dæmis gera í gegnum vöruþróun fyrir safnbúð en það tekur tíma og krefst fjármagns í byrjun. Safnið hyggst bjóða smiðjurými safnsins til leigu fyrir fundi og viðburði. Forstöðumaður mun í auknu mæli leita að framlagi frá fyrirtækjum í tengslum við einstakar sýningar eða vegna kaupa á lykil verkum ef sú staða kemur upp.

2. 2504002HO - Styrkir 2025

Mjög vel hefur gengið að afla styrkja fyrir árið 2025.

Safnið þarf oftast að leggja fram fjármagn á móti styrk svo þetta hjálpar því miður ekki varðandi hagræðingarkröfuna.

Safninu hefur verið úthlutað eftirfarandi styrkjum fyrir árið 2025:

SAFNASJÓÐUR á vegum Menningarmálaráðuneytis
Öndvegissstyrkur 3.500.000 (samaltals 10.500.000 til 3 ára)
Skráningastyrkur 3.000.000

Sýningarstyrkur 2.500.000
Ferðastyrkur 250.000

SAMNINGUR VIÐ MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI
Safnafræðsla 10.000.000 (samtals 30.000.000 til 3 ára)

LIST FYRIR ALLA á vegum Menningarmálaráðuneytis
Greitt beint
til hönnuða 1.400.000

SAMTALS 20.650.000

Til viðbótar þá er safnið er með öflugan starfsnema á ERASMUS styrk í 80% starfi í 6 mánuði.
Til stendur að vera með starfsmann í endurhæfingu í 30% starfi í 6 vikur

3. 2504003HO - Rekstur 2025

Rekstur 2025 er á áætlun.

4. 2504004HO - Aðsókantölur 2025

Aðsók hefur verið mjög góð meðal annars þar sem viðburðir og skólaheimsóknir hafa nú fest sig í sessi.

Heildaraðsókn á safnið fyrstu 4 mánuði ársins er 4.124 gestir
Þar af eru
Skólaheimsóknir 1.243
Gestir á viðburði 1.011

Ef heldur áfram sem horfir þá stefnir í besta aðsóknarár frá upphafi. Samdráttur í auglýsingum og fækkun sýninga seinni hluta árs mun þó væntalega hafa einhver áhrif á aðsókn.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Velferðarráð Garðabæjar
5. fundur 2025

Föstudaginn 23. maí 2025 kl. 08:15 kom velferðarráð Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Rakel Steinberg Sölvadóttir áheyrnarfulltrúi, Vigdís Gunnarsdóttir varamaður, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Snædís Björnsdóttir lögfræðingur og Pála Marie Einarsdóttir deildarstjóri.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2505330 - Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins

Kynning á verkefnum farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins. Hanna Borg Jónsdóttir, verkefnastjóri farsældarráðs, kynnir verkefnin og svarar fyrirspurnum nefndarmanna.

2. 2101189 - Samráðsfundir velferðarsviða hjá SSH

Fundargerðir sviðsstjóra velferðarsviða SSH frá mars og apríl 2025 lagðar fram til kynningar.

3. 2306307 - Vinna og virkni fatlaðs fólks í Garðabæ

Sviðsstjóri velferðarsviðs fer yfir tímalínu minnisblaðs og upplýsir um þá þætti sem hafa verið til skoðunar.

4. 2410319 - Búsetuúrræði fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti

Sviðsstjóri velferðarsviðs upplýsir um þá þætti sem hafa verið til skoðunar og kynnir frumdrög arkitekts að búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk í Hnoðraholti.

5. 2411370 - Úrskurður úrskurðarnefndar velferðarmála - notendasamningur

Úrskurður úrskurðarnefndar velferðarmála dags. 13.02.2025 lagður fram til kynningar og umræðu.

6. 2206389 - Úrskurðir úrskurðarnefndar velferðarmála

Lögfræðingur velferðarsviðs lagði fram yfirlit yfir úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála á árunum 2020-2025 þar sem Garðabær var aðili máls.

7. 2209275 - Tillaga um myndun rýnihópa varðandi þjónustu við fatlað fólk

Sviðsstjóri velferðarsviðs upplýsir um að vinna með rýnihópum í málefnum fatlaðs fólks hafi farið fram í viku 21 og að von sé á samantekt frá úrvinnsluaðila (Gallup) í byrjun næsta mánaðar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

34. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 26.5.2025

Fundartími: 16:30 – 18:00

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Örvar Jóhannsson varamaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Katrín Huld Káradóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Stígakerfi - breyting á 4. kafla í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030

Lögd fram ósk skipulagssviðs Garðabæjar varðandi breytingar sem ná til stígakerfis í 4. kafla aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030. Um er að ræða heildarendurskoðun á stígakerfi bæjarins og er áætluninni ætlað að vera til leiðbeiningar fyrir deiliskipulagsgerð, verkhönnun og uppbyggingu stíga í Garðabæ til framtíðar.

Heilbrigðiseftirlitið leggur áherslu á að stígar með samgönguhlutverk þurfi að vera greiðir, með eins litlum mishæðum og er unnt og vera beinir án óþarfa króka. Þeir þurfa jafnframt að vera öruggir og uppfylla kröfur um sjónvegalengdir og annað sem tíundað er í leiðbeiningum um hönnun fyrir reiðhjól sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðin hafa sammælst um að fylgja. Þá bendir heilbrigðiseftirlitið á að útivistarstígar á útivistarsvæðum þurfa að liggja í kyrrlátu umhverfi samanber ákvæði reglugerðar um hávaða.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

2. Dagskrárliður: Hraun vestur - Breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar - vinnslustigi

Lögd fram beiðni frá skipulagssviði Hafnarfjarðar þar sem óskað er umsagnar á tillögu á vinnslustigi vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Í tillögunni er gert ráð fyrir að breyta landnotkun í aðalskipulagi á skipulagssvæðinu Hraun Vestur úr athafnasvæði, verslun- og þjónusta, samfélagsþjónustu og íbúðabyggð í miðsvæði. Með þessu er ætlunin að breyta nýtingu á öllu svæðinu úr atvinnusvæði í blandaða byggð s.s. byggð sem býður upp á búsetu, atvinnustarfsemi og þjónustu, þ.e.a.s. að opna á möguleika á meiri fjölbreytileika á svæðinu.

Heilbrigðiseftirlitið setur sig ekki gegn umræddri breytingu á aðalskipulagi, en sambland atvinnu- og íbúðarhúsnæðis á miðsvæðum getur leitt til ákveðinna vandkvæða í samneyti við íbúa. Í ljósi þessa þá kemur heilbrigðiseftirlitið með ákveðnar ábendingar í umsögn sinni. Heilbrigðiseftirlitið telur að við skipulag og væntanlega alla hönnun verði sérstaklega að taka tillit til hávaðamála. Miklar umferðaræðar afmarka skipulagssvæðið. Brýnt er að í skipulagi, þar sem gert er ráð fyrir blandaðri



byggð atvinnustarfsemi og íbúða, sé hugað að því að gerðar séu ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnaðis með hliðsjón af mengun, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar. Þá leggur heilbrigðiseftirlitið áherslu á að tryggja þarf öruggar þveranir yfir Reykjavíkurveg þar sem fyrirhugað er að nýta grunnskóla vestan við Reykjavíkurveg.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsóknina.

3. Dagskrárliður: Stjórnsýslukæra Hreint ehf. og úrskurður Úrskurðanefndar Umhverfis- og auðlindamála

Lagður fram úrskurður ÚÚA vegna kæru Hreint ehf. um að starfsemi þeirra væri starfsleyfisskyld. Úrskurður ÚÚA var á þá lund að kærunni var vísað frá á grundvelli þess að heilbrigðisfullrúi hefði ekki heimild til að ákvarða lokun á grundvelli reglugerðar nr. 903/2024. Í 6. mgr. 44. gr. kemur fram að "heimild til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar við framsal eftirlits og annað sem varðar valdsvið og þvingunarúrræði er eingöngu í höndum heilbrigðisnefndar".

Í greinargerð foráðamanns Hreint ehf. er því haldið fram að það sé ekki í verkahring heilbrigðiseftirlit að skilgreina hvað sé þvottahús og hvað ekki. Það sé löggjafans að skilgreina. Til að koma á mótis við þá skoðun fyrirtækisins þykir rétt að senda fyrirspurn á Umhverfis- og orkustofnun og óska eftir að stofnunin leggi mat á hvert umfang þvottahús þarf að vera, svo það teljist starfsleyfisskyld.


Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að óska eftir skilgreiningu Umhverfis- og orkustofnunar á því hvert umfang þvottahús þurfi að vera til að það teljist starfsleyfisskyld.

4. Dagskrárliður: Ákvörðun heilbrigðisnefndar um eftirlit með leiksvæðum í Kópavogi

Lagt fram erindi BSI á Íslandi dags. 12. maí sl. þar óskað er eftir rökstuðningi fyrir ákvörðun heilbrigðisnefndar varðandi tíðni aðalskoðun leiksvæða. Þá hefur SVÞ - Samtök verslunar og þjónustu mótmælt ákvörðuninni og krefjast þess að umrædd ákvörðun heilbrigðisnefndar verði afturkölluð eða málið tekið upp að nýju.

Rætt var um gagnrýni sem fram kemur í erindi SVÞ og endurspeglast í fyrirspurn frá BSI á Íslandi. Í erindi SVÞ er því haldið fram að heilbrigðisnefnd hafi farið út fyrir heimild reglugerðar nr. 1025/2022 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða, með því að samþykkja beiðni Kópavogsbæjar um að tíðni aðalskoðuna leiksvæða hjá bæjarfélaginu verði lengd. Slíkt sé ekki heimilt því í reglugerðinni sé vísað í að aðalskoðun eigi við um hvert og eitt tæki, eftir atvikum leiksvæði. Líkt og vísað er til í erindi SVÞ þá er heilbrigðisnefnd heimilt að ákveða lengri tíðni milli aðalskoðana, að því gefnu að aðalskoðun leiði ekki í ljós alvarleg frávik eða að rekstraraðili sinni rekstrarskoðun og bregðist við frávikum með úrbótum. Heilbrigðisnefnd metur jafnframt alvarleika frávika og hvort það þurfi að fylgja þeim eftir en það mat er í höndum heilbrigðisfulltrúa sem starfa á grundvelli reglugerðar nr. 571/2002 um menntun og skyldur heilbrigðisfulltrúa. Í tilfelli Kópavogsbæjar þá liggur fyrir að innra eftirlit með leiksvæðum er virkt og það fært í rafræna rekstrarhandbók sem heilbrigðiseftirlitið hefur m.a. aðgang að. Rekstrarskoðun leiksvæða í Kópavogi fer fram á þriggja mánaða fresti og eru gerðar yfirlitsskoðanir þess á milli. Reynslan hefur sýnt að Kópavogsbær bregst við frávikum með úrbótum og fylgir jafnframt fyrirmælum og leiðbeiningum HEF. Með hliðsjón af ofangreindri reynslu af innra eftirliti Kópavogsbæjar með leiksvæðum og áreiðanleika sveitarfélagsins við úrbætur á frávikum, þá metur HEF sem svo að skilyrði 4. mgr. 14. gr. reglugerðar séu uppfyllt og umrædd tíðni aðalskoðana stuðli með nægjanlegum hætti að markmiðum reglugerðar nr. 1025/2022. Þetta mat byggir m.a. á því að þrátt fyrir nýtingu umræddrar undanþágu þá munu öll leiktæki á leiksvæðum Kópavogsbæjar fá upphafsskoðun og reglubundnar aðalskoðanir, auk virks innra eftirlits Kópavogsbæjar þess á milli og reglubundins eftirlits HEF.

Heilbrigðisnefnd felst ekki á að þeir annmarkar séu á ákvörðun nefndarinnar að ástæða sé til að afturkalla fyrri ákvörðun eða að taka málið upp að nýju. Framkvæmdastjóra falið að tilkynna SVÞ ákvörðun nefndarinnar.



5. Dagskrárliður: Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir nýráðningum og breytingum í starfsmannahópnum.

Heilbrigðisnefnd staðfestir ráðningarnar og óskar nýjum starfsmönnum velfarnaðar í starfi. Þá sendir heilbrigðisnefnd þeim starfsmönnum sem látið hafa af störfum kveðju og þakklæti fyrir unnin störf.

6. Dagskrárliður: Samráðsfundur vegna umhverfis, hollustu og mengunarvarna í Mosfellsbæ

Lögð fram fundargerð dags.12.05.25, frá fundi heilbrigðiseftirlits með forráðamönnum Mosfellsbæjar þeim Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri, Jóhanna Björg Hansen sviðsstjóri umhverfissviðs, Árni Jóns Sigfússon byggingarfulltrúi, Lárus Elíasson leiðtogi Mosveitna Frá HEF voru á fundinum, Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunarsviðs og Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri. Á fundinum var rætt um að umgengni á vissum svæðum væri verulega ábótavant og hætta á mengunarslysum. Þá var rætt um aðgengi íbúa að heilbrigðiseftirlitinu og að mikilvægt væri að tengja heilbrigðiseftirlitið við ábendingarkerfi Mosfellsbæjar.

Rætt var um aðgerðir s.s. að auglýsa starfsemi heilbrigðiseftirlitsins í staðarblöðum.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að efla og styrkja samskipti við íbúa og starfsmenn allra bæjarfélaga. Þannig verði samræmdar kynningar á starfsemi heilbrigðiseftirlitsins kynntar í öllum bæjarfélögum.

7. Dagskrárliður: Samráðsfundur ÍSAL, Umhverfis- og orkustofnunar og HEF

Fundargerð samráðsfundar með Umhverfis- og orkustofnun, ÍSAL og Heilbrigðiseftirlitinu dags. 28.04.2025 lögð fram til kynningar. Boðað er til samráðsfundar þessara aðila einu sinni á ári þar sem farið er yfir helstu niðurstöðu umhverfismælinga og vöktunar síðasta árs.

Heilbrigðisnefnd þakkar kynninguna.

8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 30.04.2025

Fundargerð afgreiðslufundar frá 30.04.2025 lögð fram til kynningar og samþykktar.

9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 7. maí 2025

Fundargerð afgreiðslufundar frá 7. maí 2025 lögð fram til kynningar og samþykktar.

10. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 14. maí 2025


Fundargerð afgreiðslufundar frá 14. maí 2025 lögð fram til kynningar og samþykktar.




11. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 21. maí 2025

Fundargerð afgreiðslufundar frá 21. maí 2025 lögð fram til kynningar og samþykktar.

Undirskrift fundargerðar



Svanur Karl Grjetarsson formaður



Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður



Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður



Orvar Jóhannsson varamaður



Hannes Tryggvi Halstein aðalmaður



Gnýr Guðmundsson aðalmaður



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**607. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 19. maí 2025
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Almar Guðmundsson, Orri Vignir Hlöðversson, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Þróun Hvítá til Hvítá svæðisins -Sóknaráætlun 2024 - 2404009

Verkefnið Hvítá - Hvítá er eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2024. Tilgangur þess er að kanna áhrif af áframhaldandi óbreyttum vexti, en hann hefur verið ör á undanförunum árum, þéttbýliskjarna innan Hvítár-Hvítár svæðisins, á þróun höfuðborgarsvæðisins til ársins 2050. Kannaðir voru áhrifaþættir eins og umferðarmagn, ferðatími, umhverfisáhrif, umferðaröryggi, gæði og ásýnd bæjarrýma, náttúrugæði, atvinnumál, samkeppnishæfni o.fl. Skýrsla Nordic Office of Architecture liggur nú fyrir. Jóhanna Helgadóttir og Vilhjálmur Leví Egilsson kynna helstu niðurstöður hennar. Umræður.

Gestir

Jóhanna Helgadóttir, arkitekt hjá Nordic Office of Architecture

Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Vilhjálmur Leví Egilsson, arkitekt hjá Nordic Office of Architecture

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Verkefnið verður kynnt fyrir kjörnum fulltrúum á sérstökum kynningar- og umræðufundi á vegum SSH og fyrirliggjandi skýrsla send sveitarfélögunum til kynningar. Í framhaldinu verði svo tekin umræða á vettvangi stjórnar SSH um næstu skref á grundvelli skýrslunnar.

2. Erindi Skógræktarfélags Reykjavíkur vegna Heiðmerkur - 2503006

Fyrirliggjandi til kynningar er erindi Skógræktarfélags Reykjavíkur, sem barst með tölvupósti 20. mars sl. ásamt beiðni um að erindið yrði sent stjórn SSH. Umræður.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Skrifstofu SSH er falið að greina málið frekar og leggja fyrir stjórn að nýju.

3. Eigendasamkomulag vegna Álfsness - 2308006



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Framhald umræðna frá síðasta fundi um eigendasamkomulag vegna meðhöndlunar úrgangs í Álfnesi og tengsl þess við undirbúning hringrásargarðs, sem þurfi að vera til samræmis við ákvæði eigendasamkomulagsins.

Niðurstaða:

Umræður.

4. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007

Ársfundur Fjölsmiðjunnar verður haldinn í Fjölsmiðjunni 6. júní nk. kl. 13:00. SSH tilnefna einn aðalmann og einn til vara í stjórn Fjölsmiðjunnar og liggur tilnefningarbeiðni fyrir.

Niðurstaða:

Stjórn SSH tilnefnir Rannveigu Einarsdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar sem aðalmann í stjórn Fjölsmiðjunnar og Sigurbjörgu Fjölnisdóttur sviðsstjóra velferðarsviðs Mosfellsbæjar til vara.

5. Álag í skólastarfi - ástæður og úrbætur - Sóknaráætlun 2025 - 2502015

Eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2025 er Álag í skólastarfi - ástæður og úrbætur en markmið þess er að greina ástæður álags innan skólakerfisins og móta aðgerðir til úrbóta.

Gengið hefur verið til samninga við Skólastofuna slf. um verkefnastýringu og er samningur þess efnis lagður fram til kynningar, en á 601. fundi stjórnar var framkvæmdastjóra falið umboð til gerðar samninga vegna áhersluverkefna ársins 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

6. Nýjar rannsóknarborholur í Bláfjöllum - 2107002

Á 600. fundi stjórnar þann 3. mars sl. samþykkti stjórn SSH að fela skrifstofu SSH að gera samninga um rekstur og uppsetningu mælistöðva vegna grunnvatnsmælinga í borholum í Bláfjöllum. SSH hefur gengið til samninga vegna þessa við ráðgjafa- og verkfræðistofuna COWI. Í samningunum felst uppsetning mælistöðva í þremur borholum og rekstur þeirra, ásamt úrvinnslu og geymslu mæligagna. Samningur um rekstur mælistöðva er til þriggja ára. Eru framangreindir samningar lagðir fram til kynningar.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

407. fundur

Föstudaginn 9. maí 2025 var haldin fundur í stjórn Strætó bs. og hófst hann kl. 07:30.

Dagskrá:

1. Almenningsamgöngur ohf.
2. Árshlutauppgjör janúar til mars 2025.
3. Forgangsröðun aðgerða – ákvörðun..
4. Útboð á hleðsluinnviðum.
5. Ársfundur Strætó 2025.

Mætt voru:

Kristín María Thoroddsen (KMT), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Magnús Örn Guðmundsson (MÖG), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Hrannar B Eyjólfsson (HBE) og Alexandra Briem (AB).

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson (JR) og Sigurborg Þórarinsdóttir sem ritaði fundagerð.

Tekið fyrir:

1. Almenningsamgöngur ohf.

Kynning fór fram á stöðunni og þeim verkefnum sem eru framundan. Lagt til að formlegur vinnuhópur verði stofnaður um verkefnin sem framundan eru, sbr. stjórnarfundir þann 1. febrúar 2025.

Vilhjálmur Alvar og Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, verkefnastjórar frá Expectus, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Árshlutauppgjör janúar til mars 2025

Árshlutauppgjör fyrir janúar til mars 2025 lagt fram til samþykktar. Helstu frávík frá áætlun eru í fargjaldatekjum og öðrum rekstrarkostnaði, sérstaklega öryggisgæslu.

Stjórn vill bóka að óásættanlegt sé að Strætó þurfi að halda upp öryggisgæslu á einni helstu stoppustöð Strætó til að tryggja öryggi starfsmanna og farþega og skorar á félagsmála- og löggæsluyfirvöld að grípa til viðeigandi ráðstafana strax.

Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Stjórn samþykkir árshlutauppgjör.

3. Forgangsaðgerðir

Lögð fram greining Eflu á töfum farþega í leiðarkerfinu og hvar brýnast er að grípa til aðgerða.

Ragnheiður Einarsdóttir, deildastjóri leiðakerfis tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Útboð á hleðsluinnviðum

Lagt fram minnisblað um útboð á hleðsluinnviðum ásamt drögum að útboðsgögnum fyrir hleðsluinnviði.

Framkvæmdastjóra falið að bjóða út hleðsluinnviði í samræmi við minnisblað.

5. Ársfundir Strætó

Ákveðið að hafa ársfund Strætó fyrir árið 2024 í Tjarnarsal Ráðhús Reykjavíkur þann 4. júní frá kl. 14:00.

Fundi slitið 9:40

Fylgiskjöl:

Alexandra Briem

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín María Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**52. fundur eigendafundar Strætó bs.
var haldinn í fjarfundi, miðvikudaginn 14. maí 2025
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmdóttir, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Andri Steinn Hilmarsson, Hrannar Bragi Eyjólfsson, Kristín María Thoroddsen, Lovísa Jónsdóttir, Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs., Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Heiða Björg Hilmdóttir, formaður eigendavettvangs, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu - 2409007

Kynning og umræður um stöðu mála og verkefna hvað varðar fyrirkomulag almenningssamgangna, verkefni Strætó bs. því tengd og kynning mögulegra sviðsmynda.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson ráðgjafi

Niðurstaða:

Kynning og umræður. Boðað verður til annars eigendafundar vegna áframhaldandi umræðu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:00.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**138. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 16. maí 2025
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Björg Fenger, Hákon Jónsson, Helena Ósk Óskarsdóttir, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Hjördís Ýr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Sævar Birgisson og Ásdís Ólafsdóttir svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Ásdís Ólafsdóttir, svæðisskipulagsstjóri

Formaður Hjálmar Sveinsson setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Skipulagsstofnun - kynning og samtal - 2505004

Skipulagsstofnun sinnir stefnumótun, stjórnsýslu og leiðbeiningum um skipulag og framkvæmdir. Skipulagsstofnun starfar á grundvelli skipulagslaga, laga um skipulag haf- og strandsvæða og laga um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda og áætlana. Fulltrúar frá Skipulagsstofnun komu á fundinn og kynntu hlutverk og verkefni stofnunarinnar fyrir svæðisskipulagsnefnd.

Gestir

Guðrún Lára Sveinsdóttir, sviðsstjóri Skipulagssviðs Skipulagsstofnunar -
Ólafur Árnason, forstjóri Skipulagsstofnunar -

Fulltrúar Skipulagsstofnunar fóru yfir kynningu sína og svöruðu spurningum.

2. Tækifæri til útivistar við vötn, haf og gönguskíðaiðkun - Sóknaráætlun 2024 - kynning á verkefni - 2404008

Verkefnið Tækifæri til útivistar við vötn, haf og gönguskíðaiðkun var eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar árið 2024 og er ætlað að styðja við aukna útivist og hreyfingu íbúa. Í verkefninu fólst að kortleggja svæði á höfuðborgarsvæðinu sem hentað gætu fyrir útivist og leiki sem tengjast vötnum, hafi og gönguskíðaiðkun, hvar slík notkun eða tengd þjónusta og/eða starfsemi sé til staðar og hvar megi styrkja hana enn frekar og á hvaða hátt. Skýrsla TÓ arkitekta um verkefnið liggur nú fyrir.

Gestir

Birkir Ingibjartsson, arkitekt hjá TÓ arkitektum -

Verkefnastjóri verkefnisins hjá TÓ arkitektum kynnti niðurstöður verkefnisins og svaraði spurningum.

Svæðisskipulagsnefnd leggur til að niðurstöður verkefnisins verði notaðar í áframhaldandi þróun á vefnum utumallt.is, sem er upplýsingavefur um útivistarsvæði, göngu- og hjólaleiðir á höfuðborgarsvæðinu.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

3. Svæðisskipulag - breyting á vaxtamörkum - Rjúpnahlíð - Garðabær - 2208011

Fyrirliggjandi er bréf frá skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 7. apríl 2025 þar sem óskað er eftir að erindi um breytingu á vaxtamörkum svæðisskipulags verði tekið fyrir á fundi svæðisskipulagsnefndar.

Erindi um breytingu á vaxtamörkum á svæðinu hefur áður verið á dagskrá nefndarinnar. Á 109. fundi þann 16. september 2022 var svæðisskipulagsstjóra falið að hefja gerð lýsingar að svæðisskipulagsbreytingu, í samstarfi við skipulagsstjóra Garðabæjar. Á 110. fundi nefndarinnar var lýsingin samþykkt. Lýsingin var í framhaldinu send aðildarsveitarfélögum til afgreiðslu sbr. 1 mgr. 23. gr. skipulagslaga 123/2010 og leitað umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum. Á 114. fundi þann 17. febrúar 2023 var erindið lagt fram að nýju ásamt minnisblaði þáverandi svæðisskipulagsstjóra. Ljóst var að ekki lá fyrir samþykki allra hlutaðeigandi sveitarfélaga fyrir breytingum á svæðisskipulagi og var málinu frestað.

Erindið var á dagskrá 137. fundar þann 11. apríl sl. Þá kom verkefnastjóri skipulagsmála Garðabæjar á fund nefndarinnar og kynnti erindið og þær breytingar sem gerðar hafa verið á tillögunni síðan skipulagslýsingin var í kynningu árið 2022.

Lagt er til að svæðisskipulagsstjóra verði falið að hefja gerð lýsingar að svæðisskipulagsbreytingu vegna breytinga á vaxtamörkum, í samstarfi við skipulagsstjóra Garðabæjar.

Samþykkt samhljóða.

Hjördís Ýr Johnson leggur fram eftirfarandi bókun:

„Undirrituð samþykkir að svæðisskipulagsstjóra verði falið að hefja gerð lýsingar en í því felst engin efnisleg afstaða til málsins enda er það hlutverk bæjarstjórnar Kópavogs að taka afstöðu þegar að því kemur.

Hafa ber í huga að uppbyggingaráformin munu hafa töluverð áhrif á íbúa Kópavogs bæði vegna tegundar byggðar sem og umferðaraukningar um íbúahverfi bæjarins. Það er því mikilvægt að skoða málið vel með þessa þætti í huga við gerð lýsingar.”

4. Vindorkugarður við Dyraveg í sveitarfélaginu Ölfusi. Matsáætlun, umsögn - 2504009

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun dagsett 21. apríl 2025. Í kynningu í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar er matsáætlun Orkuveitunnar vegna áforma fyrirtækisins um byggingu og rekstur vindorkugarðs við Dyraveg á Mosfellsheiði. Í matsáætluninni er gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggist standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Svæðisskipulagsnefnd hefur fengið frest til að skila inn umsögn sinni þar til eftir fund nefndarinnar þann 16. maí 2025.

Fyrirliggjandi til samþykktar eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Samþykkt.

Helga Jónsdóttir vék af fundi við umræðu og afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

5. RVK Skálafell - Kýrhólsflói og Stóri-Bugðufloai. Skipulagslýsing, umsögn - 2504010

Fyrirliggjandi er umsagnarbeiðni frá Reykjavíkurborg dagsett 8. maí 2025 vegna skipulagslýsingar nýs deiliskipulags vegna uppbyggingar á landi Kýrhólsflóa og Stóra-Bugðufloa í Skálafelli. Fyrirhugað er að reisa þrjú hótél með samtals 200 herbergjum ásamt heilsulind, líkamsræktaraðstöðu og veitingastöðum. Þá er einnig ráðgert að reisa 30 íburðarmikil einbýlis- og tvíbýlishús fyrir ferðafólk. Auk þess er gert ráð fyrir fjölnota húsnæði með ráðstefnu- og fundarsölum, ásamt sýningarrými. Heildarfjöldi gistirýma verður um 250 auk starfsmannahúsnæðis með um 200 íbúðum.

Fyrirliggjandi eru drög að umsögn svæðisskipulagsnefndar.

Svæðisskipulagsstjóra er falið að senda umsögn að teknu tilliti til umræðna á fundinum.

6. Ferðavenjukönnun 2025 - 2505005

Innviðaráðuneytið hyggst leiða saman hagaðila til að framkvæma ferðavenjukönnun fyrir haustið 2025 sem nær yfir allt landið. Um er að ræða endurtekningu á sambærilegri könnun sem var unnin haustið 2022. Ferðavenjukannanir hafa verið gerðar á árunum 2011, 2014, 2017, 2019 og 2022 í samstarfi við Vegagerðina og fleiri hagaðila eftir atvikum. Niðurstöður nýtast m.a. við árangursmat um hlutdeild almenningssamgangna og uppfærslu höfuðborgarlíkans. Innviðaráðuneytið hefur boðið SSH áframhaldandi þátttöku í verkefninu. Kostnaður skiptist á milli þátttakenda.

Framkvæmd ferðavenjukönnunar er í samræmi við áherslur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins á kjörtímabilinu 2022-2026 sem samþykktar voru á 110. fundi nefndarinnar þann 14. október 2022.

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að taka þátt í framkvæmd ferðavenjukönnunar ársins.

7. Fagráð SSH - fundargerðir - 2204005

Fyrirliggjandi til kynningar eru:

Fundargerð 36. fundar fagráðs SSH dags. 27. nóvember 2024.

Fundargerð 37. fundar fagráðs SSH dags. 15. janúar 2025.

Fundargerð 38. fundar fagráðs SSH dags. 12. febrúar 2025.

Lagt fram til kynningar

Næsti fundur nefndarinnar er fyrirhugaður þann 13. júní næstkomandi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:15.

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2025, miðvikudaginn 21. maí var haldinn 427. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 07:36.

Mættir: Sara Björg Sigurðardóttir formaður, Andri Steinn Hilmarsson Kópavogi, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi og Sævar Birgisson Mosfellsbæ. Kristín Thoroddsen Hafnarfirði tók sæti á fundinum með rafrænum hætti.

Jafnframt: Steinhórn Einarsson, Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð. Andrés B Andreassen tók sæti á fundinum með rafrænum hætti.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð borgarráðs frá 6. mars 2025 þar sem fram kemur að Sara Björg Sigurðardóttir taki sæti í samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins í stað Þorvalds Daníelssonar. Jafnframt að Kristinn Jón Ólafsson taki sæti varamanns í stað Unnar Þ. Benediktsdóttur.
2. Lagt fram minnisblað forstöðumanns dags. 19. maí 2025 um stöðuna í fjöllumum tímabilið des. 2024 til 14. apríl 2025, en opið var í 36 daga. 78.166 gestir komu í lyftur og 2.079 gestir á gönguskíðasvæði. Tjón vegan eldinga var 23.4 mkr. Mikil aðsókn var yfir jól og áramót, þökk sé snjóframleiðslukerfinu. Mikil aukning var í rútur á tímabilinu.
Lögð fram drög að rekstraruppgjöri skíðasvæðanna janúar – apríl 2025.
 - kl. 07:44 tekur Bjarni Theódór Bjarnarson sæti á fundinum.
 - kl. 08:19 vikur Steinhórn Einarsson af fundi.
3. Lögð fram fjárfestingaráætlun fyrir árið 2025.
4. Fulltrúi Mosfellsbæjar óskaði eftir umræðum um framkvæmdir í Skálafelli. Lagt fram minnisblað forstöðumanns skíðasvæðanna dags. 21. febrúar 2025 varðandi mögulegar sviðsmýndir í Skálafelli.

Fulltrúi Mosfellsbæjar lagði fram svohljóðandi bókun:

Það er mikið hagsmunamál fyrir íbúa Mosfellsbæjar að framkvæmdir á skíðasvæðinu í Skálafelli geti hafist sem fyrst. Uppbygging í Skálafelli var ein helsta forsenda þess að Mosfellsbær tók þátt í uppbyggingarsamningnum fyrir skíðasvæðin á höfuðborgarsvæðinu á sínum tíma. Ástæður fyrir frestun framkvæmda hafa verið hækkandi kostnaður og krefjandi árferði hjá sveitarfélögunum, en núna er tímabært að verkefninu verði ýtt úr vör og samningurinn þar með efndur.

5. Fram fara umræður um hugmyndir af tekjuöflun fyrir skíðasvæðin.

Fundi slitið kl. 09:10.

Sara Björg Sigurðardóttir

Andri Sveinn Hilmarsson
Bjarni Theódór Bjarnarson
Kristín Thoroddsen

Magnús Örn Guðmundsson
Sævar Birgisson